

## 5. Stjórnarfundur Landssambands ungmennafélaga

Zoom, 18. ágúst 2021, kl. 17:15

### Undirbúningur fyrir fund:

- Lesa yfir fundargerð 4. stjórnarfundar til samþykktar.
- Lesa yfir beiðni um áframhaldandi samstarf við félagsmálaráðuneytið til samþykktar.

**Mættir eru:** Una Hildardóttir (UH), Geir Finnsson (GF), Viktor Ingi Lorange (VIL), Sýlvía Martindóttir, Sara Þóll Finnbogadóttir (SPF), Steinunn Ása Sigurðardóttir (SÁS) og Davíð Sól Pálsson (DSP).

**Frá skrifstofu:** Tinna Isebarn (TI) og Sigurður Helgi Birgisson (SHB).

**Fundarstjóri:** Una Hildardóttir (UH)

**Fundarritari:** Sigurður Helgi Birgisson (SHB)

Fundur settur: 05:20

### Dagskrá:

1. **Fundargerð** 4. stjórnarfundar til samþykktar.
2. **Upplýsingar frá skrifstofu:**
  - 2.1. Starfsáætlun stjórnarársins hefur verið uppfærð.
  - 2.2. Vinnuáætlun skrifstofu hefur verið uppfærð.
    - 2.2.1. Framvinda #ÉgKýs 2021.
    - 2.2.2. UN handbók tilbúin á ensku.
    - 2.2.3. Fundur stjórnar leiðtogaskólans mið 25. ágúst.
  - 2.3. Nýtt Æskulýðsráð: SHB hefur verið skipaður.
3. **Starfsmannamál:**
  - 3.1. RE tók veikindaleyfi 21. jún - 13. júl og hefur sagt starfi sínu lausu.
  - 3.2. Samningur við ÞAJ sumarstarfsmann rennur út 20. ágúst. Lagt er til að framlengja samninginn við ÞAJ. **Samþykkt**
  - 3.3. Umsóknarfrestur um 6 mánaða stöðugildið hefur verið framlengdur til 22. ágúst. Vonir eru bundnar um að ráða starfsmann frá 1. sept 2021 - 27. feb 2022. **Samþykkt**
    - 3.3.1. Viðtal þri 24. ágúst kl. 13.
4. **Samstarf við félagsmálaráðuneytið**
  - 4.1. Boð á ráðstefnu
  - 4.2. Gögn fyrir fund með ráðherra mán kl. 11:30. **Samþykkt.**
    - 4.2.1. Beiðni um áframhaldandi samstarf
    - 4.2.2. Framkvæmdaáætlun stjórnar
    - 4.2.3. Ársskýrsla 2020
    - 4.2.4. Staða ungmennageirans
  - 4.3. Fulltrúar LUF á fundinum? UH, GF, TI og SHB.
5. **SHB kynnir Rsk-málið til upplýsinga:**
  - 5.1. Formleg neitun á skráningu LUF sem heiti félagsins kærð til ráðuneytisins.
  - 5.2. LUF sendi athugasemdir vegna skýringa atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins til umboðsmanns Alþingis 9. febrúar sl. Beið er

ákvörðunar umboðsmanns um framhald málsins. SHB hefur óskað eftir upplýsingum um framgang.

**6. SHB kynnir Alþingismál:**

6.1. Skýrsla um alþjóðasamninginn um borgaraleg og stjórnómáleg réttindi.

6.1.1. [Opið fyrir umsagnir](#) til 01.09.2021

6.1.2. Félagasamtök geta skilað eigin skýrslu. T.d. hægt að fjalla um 22. gr. um félagafrelsi. SHB falið

**7. SHB kynnir Alþjóðamál:**

7.1. Norræn [vinnustofa](#) á vegum LUF um „Comprehensive toolkit for the UN Youth Delegate Programme“. Héldum vinnustofu 10. ágúst sl. Rut og Þorbjörg sáu um fyrir LUF.

7.2. EU Youth Conference 26. - 29. september 2021. UH og SÞF fengu boð. SHB fékk boð í gegnum æskulýðsráð. **Steinunn fer**

7.3. NUBF Youth Training 1. - 3. október 2021. Ísland var með 7 sæti. 3 voru skráðir frá því í fyrra. GF, VIL, SM og SHB skráðu sig núna.

7.4. Sambandsþing European Youth Forum 19. - 20. Nóvember 2021. Þingið verður á hybrid formi. SÞF skrifar rafrænt undir samþykkt til að halda fundinn á þessu formi. Frestur til að skrifa undir rennur út 10. október nk. og frestur til skráningar á þingið er 16. september nk.

7.5. Ungdomens Nordiska Råds session 2021 29. - 31. október í Köben. Þemað er „50 ár av nordisk ungdomspolitik“. **Sara fer**

**8. SHB kynnir Aðildarmál:**

8.1. Félag hinsegin stúdenta - beiðni frá því í fyrra endursend.

**9. 2. Leiðtogaráðsfundur:**

9.1. Tillaga að dagsetningu: Miðvikudagur 29. september. Þá boðaður í síðasta lagi 15. September. **Samþykkt.**

9.2. Kosning ungmennafulltrúa á sviði loftslagsmála, byrjum að auglýsa snemma. Loflagsráðstefnan fer fram í desember. **Samþykkt.**

**10. Staða ungmennageirans:** Lagt er til að sækja um í æskulýðssjóð til að uppfæra skýrsluna og halda ráðstefnu á næsta ári um viðfangsefnið. Frestur til að sækja um er 15. október. **Samþykkt.**

**11. Næsti stjórnarfundur: Skoðanakönnun lögð til.**

*GF yfirgefur fund.*

**12. Önnur mál.**

12.1. Fundur fólksins:

12.1.1. Fundur með landssambandi eldri borgara. Þrjú málefni rædd sem snerta báða hópa á mismunandi hátt: Húsnæðismál, atvinnu- og menntamál og framtíðin.

12.1.2. Pallborð með ungum frambjóðendum.

12.2. Ef UH dettur inn á þing dregur hún sig í hlé frá stöðu forseta á 2. leiðtogaráðsfundi og tekur sæti varamanns.

Fundi slitið 18:11.